

Fundargerð

Stjórnarfundur Félagsbústaða nr. 11/2018 haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2018 kl. 17:00 í fundarsal FB að Hallveigarstíg 1.


Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir og Laufey Ólafsdóttir.
Einnig Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram.
Stjórn samþykkti og undirritaði fundargerð nr. 10/2018.
- 2) Árshlutareikningur þriðja ársfjórðungs 2018. Sturla Jónsson endurskoðandi Félagsbústaða og Kristín Guðmundsdóttir fjármálastjóri sátu fundinn undir þessum lið.
Fyrir fundinum lá árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuða ársins og könnunarskýrsla endurskoðenda. Sturla fór yfir gögnin. Einnig var farið yfir samanburð á áætlun og rauntölum fyrstu 9 mánuði ársins.
Stjórn samþykkti árshlutareikninginn og undirritaði hann.
- 3) Fjárhagsáætlun 2018-2023. Kristín Guðmundsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið.
Lögð voru fram lokadrög að 5 ára fjárhagsáætlun FB.
Stjórn Félagsbústaða hf. samþykkir framlagða fjárhagsáætlun 2018 – 2023 en bendir á að til þess að rekstur félagsins sé sjálfbær og að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar er gert ráð fyrir 4% varanlegri hækkun rekstrartekna. Fyrir árið 2019 þýðir þetta u.þ.b. 160 mkr. hækkun rekstrartekna.
- 4) Ráðning framkvæmdastjóra.
Samþykkt var að fela stjórnarformanni að undirbúa ráðningarferlið.
- 5) Áherslur næstu mánaða.
Framkvæmdastjóri lagði fram samantekt með tillögum um sérstök áhersluverkefni Félagsbústaða næstu mánuði.
Framkvæmdastjóra var falið að vinna grófa kostnaðaráætlun og nánari tímasetningu verkefna. Stjórnarformanni var falið að kynna eigandanum þessar áherslur.
- 6) Skýrsla framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit og fór yfir stöðu verkefna. M.a. kom fram að keyptar hafi verið 67 íbúðir það sem af er árs, fyrir lægju drög að nýjum úthlutunarreglum íbúða og að FB hefði veitt umsögn um þau, unnið væri að undirbúningi skuldabréfaútboðs, gert hefði verið til Maskínu um að hafa umsjón með ákveðnum þáttum mannauðsmála, þjónustukönnun væri að fara af stað. Farið var yfir og rætt um undirbúning vegna útgáfu „grænna“ skuldabréfa og verður undirbúningi fram haldið.
Umræður.

- 7) Eignakaup: samningar. Málinu var frestað.
- 8) Stefna í upplýsingaöryggismálum.
Fyrir fundinum lágu drög að stefnu í upplýsingaöryggismálum.
Stefnan samþykkt og verður endurskoðuð að sex mánuðum liðnum.
- 9) Stefna í innkaupamálum.
Fyrir fundinum lágu drög að stefnu í innkaupamálum.
Stefnan var samþykkt og að hún verði endurskoðuð sex mánuðum liðnum.
- 10) Áætlun um fundi stjórnar desember til maí.
Lögð var fram tillaga að fundartíma stjórnar.
- 11) Önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.


Jóna Björg Jónsdóttir
Kauþpyg V. Ólafsdóttir
Sigrún Arnaldóttir